
Spáum 0,1% hækkun verðlags í apríl

Við spáum að neysluverð hækki um 0,1% í apríl eftir myndarlega hækkun í mars mánuði. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan lækka úr 1,6% í 1,4% og verður enn vel undir verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands. Spáin fyrir apríl lækkar frá bráðabirgðaspánni sem gefin var út í mars, aðallega vegna lækkunar flugfargjalda til útlanda en við höfðum áður áætlað að þau stæðu í stað milli mánaða. Við gerum ráð fyrir að ferðaliðurinn muni í heildina hafa -0,04% áhrif til lækkunar á vísitölu neysluverðs (VNV) í apríl. Annars er mánuðurinn frekar tíðindalítill að þessu sinni og spáum við frekar hóflegri hækkun húsnæðisverðs (+0,06% áhrif á VNV) miðað við síðustu ár. Eldsneytisverð hækkar einnig (+0,04% áhrif á VNV) og aðrir liðir hækka lítillega



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Bráðabirgðaspá okkar fyrir næstu mánuði breytist lítið milli mánaða en við gerum ráð fyrir að verðlag hækki um 0,2% í maí og 0,3% í júní. Þá áætlum við að verðlag lækki um 0,3% í júlí í kringum sumarútsölur. Ársverðbólgan mun þá standa í 1,3% í júlí.

Helstu atriði í apríl spánni:

- **Húsnæðisliðurinn hækkar lítillega.** Húsnæðisverð hefur hækkað um 4,2% frá því í desember í fyrra samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Hækkunin byggir á breiðum grundvelli og er mikil hækkun bæði innan og utan höfuðborgarsvæðisins. Mesta hækkunin er þó á sérbýli á höfuðborgarsvæðinu en þau hafa hækkað um 4,6% frá áramótum. Við áætlum frekar hóflegri hækkun í mánuðinum (+0,06% áhrif á VNV samtals) en ekki er ólíklegt að hækkanir verði miklar yfir sumarmánuðina framundan. Við teljum að sú verulega kaupmáttaraukning sem hefur raungerst síðastliðið ár, batnandi skuldastaða heimila, skuldaleiðréttingin og áframhaldandi aukin eftirspurn muni áfram þrýsta húsnæðisverði upp á við næstu mánuði. ***Áhrif á VNV: +0,06%***

- **Eldsneytisverð hækkar.** Samkvæmt mælingum Greiningardeildar hækkar verð á bensíni um 1,5% milli mánaða í apríl en verð á díselolíu lækkar um 0,9%. Eldsneytisverð hefur því +0,04% áhrif til hækkunar á VNV. ***Áhrif á VNV: +0,04%.***

- **Flugfargjöld lækka.** Við gerum ráð fyrir að flugfargjöld til útlanda lækki um 2,5% í apríl og að flugliðurinn í heild hafi um 0,04% áhrif til lækkunar á VNV. Flugfargjöld innanlands hafa minni áhrif en líkt og áður er mesta óvissan gjarnan í kringum ferðaliðinn. ***Áhrif á VNV: -0,04%.***

- **Aðrir liðir hafa minni áhrif.** Lítil breyting verður á öðrum liðum í mánuðinum en við áætlum að föt og skór hækki lítillega (+0,03% áhrif á VNV). Einnig er gert ráð fyrir að hótel og veitingastaðir hækki (+0,01% áhrif á VNV) og aðrar vörur og þjónusta (+0,01% áhrif á VNV). Sömuleiðis hækkar matarkarfan (+0,01% áhrif á VNV) og heilsuvörur (+0,01% áhrif á VNV). Tómstundir og menning lækka lítillega (-0,02% áhrif á VNV) en aðrir liðir standa í stað. ***Áhrif á VNV: +0,05%.***

Lítil breyting á bráðabirgðaspánni


Bráðabirgðaspáin breytist lítið milli mánaða þessa dagana enda er langt í land þar til niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir. Helst eru það hreyfingar á eldsneytisverði og flugfargjöldum milli mánaða sem valda óvissu en líklegasti liðurinn til að þrýsta verðbólgunni upp á við er húsnæðisliðurinn. Fasteignaverð mun að líkindum halda áfram að hækka yfir sumarmánuðina og skýrist það að hluta til af þeirri verulegu kaupmáttaraukningu sem hefur raungerst síðastliðið ár, batnandi skuldastöðu heimila ásamt skuldaleiðréttingunni. Á sama tíma nær framboð af nýju húsnæði á höfuðborgarsvæðinu ekki að standa undir eftirspurn og er ekki að sjá merki um að þau skilyrði breytist á næstunni. Að því gefnu að gengi krónunnar haldist stöðugt og eldsneytisverð breytist lítið næstu mánuði mun ársverðbólgan standa í 1,3% í júlí en fara svo hækkandi með haustinu og fara yfir verðbólgumarkmið Seðlabankans á síðasta ársfjórðungi.

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Maí +0,2%.** Áætlað er að húsnæði og ferðaliðurinn hækki áfram en matarkarfan lækki lítillega. Minni breytingar verða á öðrum liðum.

- **Júní +0,3%.** Við spáum að matarkarfan hækki ásamt ferðaliðnum en minni breytingar verði á öðrum liðum.

- **Júlí -0,3%.** Sumarútsölurnar hefjast þar sem föt og skór lækka helst í mánuðinum. Einnig er áætlað að húsnæði hækki áfram í verði og að matarkarfan hækki.



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Greiningardeild Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

Hér má finna fyrirvara